

FUNDARGERÐ 528. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 15. apríl 2026. Fundurinn er settur klukkan 14:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja Fund: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Orri Vignir Hlööversson og Sævar Birgisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Breytingar á gjaldskrá á urðunarstaðar

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri gera grein fyrir minnisblaði um breytingu á gjaldskrá urðunarstaðar fyrir móttöku á jarðvegi.

Stjórn samþykkir eftirfarandi gjaldskrá:

1211717510 - Jarðvegur og uppgröftur - Fast gjald vegna innvigtunar á urðunarstað: 32.000 kr./m.vsk.

1211717950 - Mengaður jarðvegur og uppgröftur í urðun sem stenst útskolunarpróf: 50.000 kr./m.vsk.

1212817510 - Olíumengaður jarðvegur og uppgröftur: 100.000 kr./m.vsk.

2. Tæknistefna SORPU bs.

Valgeir Páll Björnsson, tæknistjóri SORPU, tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Tæknistjóri kynnir tæknistefnu SORPU bs.

Stjórn samþykkir stefnuna.

3. Stjórnkerfi SORPU bs.

Halldór Þorkelsson ráðgjafi og Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Gestir fjalla um stjórnskipan og stjórnkerfi SORPU bs.

4. Málefni undirbúningsfélags um byggingu hátæknibrennslu

Framkvæmdastjóri, sem jafnframt er formaður stjórnar félagsins, gerir grein fyrir starfsemi *Undirbúningsfélags um byggingu hátæknibrennslu á Íslandi ehf.* og fyrstu verkefnum þess.

Framkvæmdastjóri greindi frá áhuga utanaðkomandi aðila að þátttöku í verkefninu, sem á þessu stigi hefur verið hafnað af stjórn félagsins, enda vinnu félagsins við að móta hlutlæga ferla til að velja samstarfsaðila ekki lokið.

Stjórn SORPU bókar:

„Stjórn SORPU bs. fagnar því að Undirbúningsfélags um byggingu hátæknibrennslu á Íslandi ehf. hafi tekið til starfa og styður framangreinda ákvörðun stjórnar þess.“

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

Skýrsla framkvæmdastjóra fylgir fundargerð.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 13. maí 2026 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:55.